

## RE 202403047 - Aukin efnistaka í landi Hólabrúar og Kúludalsár, Hvalfjarðarsveit

**Til** : Þórdís Stella Erlingsdóttir <thordis.stella.erlingsdottir@skipulag.is>  
**Frá** : Aron Geir Eggertsson <aron.geir.eggertsson@efla.is>  
**CC** : Andri Jón Sigurbjörnsson <andrijon@steyrustodin.is>; Atli Þór Jóhannsson <>  
**Heiti** : RE 202403047 - Aukin efnistaka í landi Hólabrúar og Kúludalsár, Hvalfjarðarsveit  
**Málsnúmer** : 202403047  
**Málsaðili** : Hólaskarð ehf.  
**Skráð dags** : 26.06.2024 00:00:00  
**Höfundur** : Aron Geir Eggertsson <aron.geir.eggertsson@efla.is>

**Víðhengi** [image003.jpg](#)  
[image002.png](#)

Sæl Þórdís Stella

Gert er ráð fyrir því að efnistaka fari fram á svæðinu til næstu 10-15 ára og að gengið verði frá svæðinu að því loknu

Bestu kv.



Ar  
Egg  
Sam  
Umh  
auðl  
M.S

**From:** Þórdís Stella Erlingsdóttir



## EFTIRLITSSKÝRSLA

### Steyrustöðin námur ehf. Hólabrú Innri Hólmi

Dags eftirlits	28.5.2024	Tegund eftirlits	Eftirlit
Fyrirtæki	Steyrustöðin námur ehf.		
Heimili	Malarhöða 10		
Kennitala	5310932409		
Fulltrúi fyrirtækis	Ragnvaldur Andri Hallórssón	Heilbrigðisfulltrúi	Þorsteinn Narfason

#### UMFANG EFTIRLITS

Rafrænn fundur vegna framkominnar kvörtunar um afrennsli af malarþvotti sem opnast í fjöru. Fundinn sátu ásamt undirrituðum Rögvaldur Andri Hallórssón Sigríður Björnsdóttir og Andri Jón Sigurbjörnsson frá Steypustöðinni og Hólmfríður Þorsteinsdóttir frá Umhverfisstofnun.

Kvörtun til Umhverfisstofnunar afrit á Heilbrigðiseftirlit Vesturlands.

Með vísan í lög um stjórn vatnamála, vil ég spyrja hvort ekki hefði verið þörf á að gera mat samkvæmt lögnum á áhrifum þess að stunda malarþvott sem skilar gríðalegu magni af mold og öðrum steinefnum í sjóinn vegna starfsemi í námu Hólabrúar í Hvalfjarðarsveit?

Hefði Umhverfisstofnun ekki átt að vera umsagnaraðili eða allavega óska eftir að gert yrði áhrifamat á vatnshlotið?

Er eðlilegt að í starfsleyfi námunar sé ekki getið sérstaklega um malarþvottinn?

Er eðlilegt að Heilbrigðiseftirlitið gefi út starfsleyfi fyrir námunni, þar sem það lá fyrir að það magn sem tekið hafði verið við útgáfu/endunýjun starfsleyfisins árið 2022, að það var komið upp fyrir það magn sem getið var um fyrirverandi og nógildandi aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar?

Sjá nánar hér. <https://skipulagsgatt.is/issues/2024/335>

Svar Umhverfisstofnunar (Marianne Jensdóttir Fjeld:

Þú spyrð hvort hvort ekki hefði verið þörf á að gera mat samkvæmt lögnum um stjórn vatnamála um áhrif þess að stunda malarþvott sem skilar miklu magni af mold og öðrum steinefnum í sjóinn vegna starfsemi í námu Hólabrúar í Hvalfjarðarsveit, en ekki virðist hafa verið getið sérstaklega um malarþvottinn í starfsleyfinu.

Samkvæmt 28 gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála skulu opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skulu vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun. Við afgreiðslu umsóknar um leyfi til nýtingar vatns og við aðra leyfisveitingu til framkvæmda á grundvelli vatnalaga, laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og um leyfi á grundvelli skipulagslaga og laga um mannvirki skal leyfisveitandi tryggja að leyfið sé í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun.

Í tilfelli eins og þessu er það mat Umhverfisstofnunar að meta þurfi áhrif umrædds malarþvotts á vatnshlotið Hvalfjörður (104-1330-C) og hver áhrifin eru á lögbundin umhverfismarkmið vatnshlotsins.

Ég setti mig í samband við Þorstein hjá Heilbrigðiseftirliti vesturlands og er málið komið í ferli hjá honum.

Óski Skipulagsstofnunar eða Heilbrigðiseftirliti vesturlands eftir umsögn Umhverfisstofnunar vegna málsins þá mun stofnunin verða við þeirri beiðni sem og að leiðbeina framkvæmaraðilum um gerð áhrifamats á vatnshlotið sé þess þörf.

#### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var yfir innkomna kvörtun og svar Marianne hjá Umhverfisstofnun.

Hólmfríður upplýsti að Steypustöðin sem er leyfishafi ber ábyrgð á að meta áhrif sem starfsemin kanna að hafa á umhverfið og eðlileg sé að hæfur aðili sé fenginn til að vinna þá vinnu. Hætt sé við að fyrirtækið sé rekið til baka í umhverfismati ef gögn stöðjast ekki við nægilega góðar rannsóknir. Firm kom að Efla er að gera matslýsingu. (29.5.24 br. matskýldufyrirspurn)



Þorsteinn upplýsti að við gerð stafsleysfi hafi það ekki verið skoðað sérstaklega að afrennslí frá mála mámu gæti haft neikvæð áhrif á umhverfi og reyndar ekki fjallað um malarþvott í starfsleyfinu þetta atriði hafi yfirsérst, þó sé unnt að taka starfsleyfið upp ef í ljós kemur ný mengun sem ekki var fjallað umm á fyrri stigum og því unnt þegar niðurskiður á áhrifamati liggur fyrir að taka starfsleyfið upp með nýjum kröfum.

Í máli starfólks Steypustöðvarinnar kom fram að rétt væri að fá aðila til að meta áhrifin og mögulegar lausnir frekar en að fara í ráðstafanir sem myndu ekki endilega skila árangri. Fyrirtækið mun í framhaldinu láta skoða þessi mál og og kannan hvaða áhrif afrennslí af malar þvotti hefur í vitakanum sem er ístrandsjór.

Ákveðið að funda aftur þegar áhrifamat liggur fyrir.

Tölvupóstur barst frá Andra Jóni Sigurbjörnssyni f.h Steypustöðvarinnar 29. maí 2024 (eftir að eftirlitsskýrsla hafði verið send út) með athugasemdum um breytingar á skýrslunni. ;

"Sæll Þorsteinn,

Takk fyrir þetta.

Væri möguleiki að bæta við skýrsluna að við hefðum spurt hvort það þyrfti að hafa samband við NÍ en HEV og UST ekki talið það nauðsynlegt.

Gættu líka breytt því að Eftla sé að gera matslýsingu yfir í að þau séu að vinna matsskyldufyrirspurn."

Skýrsla send út að nýju breytt 6. júní'24. (áh)

#### ANDMÆLARÉTTUR

Ef ekki eru tók á að framkvæma lagfæringar innan þess tíma sem tiltekinn er hér að framan, ber að senda Heilbrigðiseftirliti Vesturlands ósk um frestun með tímasettri framkvæmdaáætlun.


Tilkynningu um að úrbætur hafi verið framkvæmdar skal koma til Heilbrigðiseftirlits Vesturlands ekki síðar en 10 dögum eftir að úrbótum er lokið. Senda má tölvupóst á neffangið eftirlit@hev.is.

Ef einhverjar athugasemdir eru við úttektarskýrslu þessa óskast þær sendar skriflega til Heilbrigðiseftirlits Vesturlands innan tveggja vikna frá dagsetningu þessa bréfs. Ef fylgja þarf málinu eftir með viðbótareftirlitsferð verður rúkkæð sérstaklega fyrir það skv. gildandi gjaldskrá heilbrigðiseftirlitsins.

Vakin er athygli á því að samkvæmt 1. mgr. 31. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er heimilt að vísa þessu máli til Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík, ef ekki er unað ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Vesturlands. Nánari upplýsingar um nefndina er að finna á slóðinni: www.uua.is. Kærufrestur er einn mánuður frá því að kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Það á þó ekki við ef mælt er fyrir um annan kærufrest í þeim lögum sem kærarleg ákvörðun byggist á.

06.06.2024

Virðingarfyllst,



Þorsteinn Narfason



## MINNISBLAÐ

SKJALALYKILL	VERKHEITI
104093-MIN-001-V01	Afrennsli steinefnabvottar Steypustöðvar-námur vegna efnisvinnslu úr Hólabrúarnámu
DAGS.	
05.06.2024	
SENDANDI	FULLTRÚI FRAMKVÆMDARADILA
Aron Geir Eggertsson	Andri Jón Sigurbjörnsson (Steypustöðin-námur)
MÁLEFNI	

Steypustöðin-námur og Borgarverk hafa unnið matsskyldufyrirspurn vegna áforma um aukna efnistöku í Hólabrú og Kúludalsnámu. Minnisblað þetta gerir grein fyrir afrennsli sem kemur frá námusvæðinu og rennur til sjávar.

### Afrennsli

Steypustöðin-námur ehf. fékk á dögnum tilkynningu frá Heilbrigðistefirliti Vesturlands þar sem fram kom að borist hefði ábending um að vatn, sem rennur úr Hólabrúnámu og niður til sjávar beri með sér töluvert grugg og sjáist litamunur á strandsjó þar sem afrennslið rennur út í sjó. Myndir hér að neðan eru loftmyndir af svæðinu sem sýna hvernig afrennslið berst til sjávar. Einnig kom fram að Umhverfisstofnun hefði haft samband við HEV og lagt til að Steypustöðin-námur færi í rannsókn á mögulegum áhrifum afrennslisins í strandsjónum.



Steypustöðin-námur, HEV og UST funduðu um málið og var niðurstaðan sú að Steypustöðin myndi láta framkvæma nauðsynlegar mælingar og í framhaldi af því yrði svo tekin ákvörðun um hvort og þá hvaða aðgerða gripa þurfi til í fullu samráði við HEV og UST. Með þessu erindi má nálgast fundargerð af fundi framkvæmdaraðila, HEV og UST. Niðurstöður mælinga og mögulegar mótvægisáðgerðir verða meðal gagna sem lögð verða fram þegar sótt verður um leyfi fyrir framkvæmdinni.

Orsök þessa afrennslis sem rennur til sjávar er sú að hluti af þeirri steinefnaframleiðsu sem stunduð er í Hólabrunámu er þvottur á steinefnum. Efnið er þvegið í sérstakri þvottavél og er það gert til að hægt sé að framleiða hágæða steinefni til steypu og vegagerðar.

Notast er við sérstaka steinefnþvottavél sem einnig er útbúin búnaði sem endurvinnur á bilinu 80-90% af vatninu sem þvottavélin notar. Vatnið sem er notað kemur, úr náttúrulegri lind rétt vestan megin við námuna en vatnsrennsli úr lindinni hefur ekki verið mælt. Þvottavélin notar um 325 m<sup>3</sup>/klst af vatni og endurnýtir eins og áður sagði um 80-90% af því vatni. Því má áætla að frárennsli frá þvottavélinni sé á bilinu 3-7 m<sup>3</sup>/klst og annar lindarholan þvottavélinni nokkuð auðveldlega og því ljóst að vatnsrennsli úr lindinni er meira en 7 m<sup>3</sup>/klst Samhliða mælingum á áhrifum frárennslisins væri farið í rennslismælingar á lindinni sem notuð er.

# Frekari svör framkvæmdaraðila vegna fráveitu í Hvalfjörð - 202403047 - Aukin efnistaka í Hólabró og Kúludalsá

Til	: Þórdís Stella Erlingsdóttir <thordis.stella.erlingsdottir@skipulag.is>
Frá	: Aron Geir Eggertsson <aron.geir.eggertsson@efla.is>
CC	: Andri Jón Sigurbjörnsson <andrijon@steypustodin.is>, Atli Þór Jóhannsson <>
Heiti	: Frekari svör framkvæmdaraðila vegna fráveitu í Hvalfjörð - 202403047 - Aukin efnistaka í Hólabró og Kúludalsá
Málsnúmer	: 202403047
Málsaðili	: Hólaákarð ehf.
Skráð dags	: 08.05.2024 00:00:00
Höfundur	: Aron Geir Eggertsson <aron.geir.eggertsson@efla.is>

Víðhengi [image009.jpg](#)  
[image008.png](#)  
[image007.png](#)  
[image006.png](#)  
[image005.png](#)

Sæl Þórdís Stella

Meðfylgjandi er svar við eftirfarandi athugasemd:

„Til þess að hámarka gæði og nýtingu þess efnis sem kemur úr námunni er notast við sérstaka steinefnþvottavél. Við þvott á steinefnum skolast í burtu allra finasta efnis í þetta finefni er samsett af hreinu basalti ásamt nokkrum tegundum af leir-steindum. En Allt það sem skolast út er náttúrulegt efni og er skaðlaust umhverfinu.

Þvottavélin er búin sérstöku kerfi sem endurnýtir vatnið og því þarf aðeins að losa í burtu brot af því vatni sem notað er við þvottinn en einnig er bara hluti efnisins sem unnið er í námunni þvegið.

Við umsókn framkvæmdaraðila um starfsleyfi fyrir frekari vinnslu úr námunni, verður samráð haft við viðeigandi leyfisveitendur um hvort þörf sé á mælingum á grunnástandi og vöktun sökkum hreinsunarinnar.“

Ég man ekki til þess að hafa fengið svona óformlega, nafnlausu athugasemd eftir að umsagnarferli lýkur, þannig að ég er ekki alveg viss um í hvaða formi þú hefur helst kosið að fá þetta svar frá okkur. Ef þú vilt að ég komi þessu inn í svarsjalið sem ég sendi inn á þjónustusíðuna, þá læturðu mig endilega vita.

Viltu staðfesta að þetta sé mótttekið og að allt sé þá í rauninni komið frá okkur, ef þú telur ekkert vanta upp á.

Mér þætti jafnframt gott að fá að vita hvenær við getum átt von á ákvörðun SLS um þessa fyrirspurn.

Umsagnir og svör vegna matsskyldufyrirspurnar vegna aukinnar efnistöku í Hólabrúar- og Kúludalsnámu.

Nr.	Athugasemd	Svar framkvæmdaraðila
<b>1</b>	<b>Minjastofnun Íslands, dags. 5.4.24</b>	
1.1	<p>„</p> <p>Fjallað er um fornleifar í kafla 3.5 í „Aukin efnistaka í Hólabrú og Kúludalsá. Matsskyldufyrirspurn.“ Samkvæmt matsskýrslu vegna Hólabrúarnámu í landi Innra-Hólms frá 2009 og aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2020-2032 eru engar fornleifar í nágrenni Hólabrúarnámu. Engar fornleifar eru heldur á því svæði sem stækkunin nær til.</p> <p>Minjavörður Vesturlands fór og skoðaði svæðið á vettvangi. Engar vísbendingar um fornleifar fundust á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Minjum ætti því ekki að stafa hættu af fyrirhuguðum framkvæmdum á svæðinu og þær kalli ekki á að framkvæmdin fari í umhverfismat.</p> <p>Minjastofnun Íslands hefur ekki frekari athugasemdir við fyrirhugaða framkvæmd.</p> <p>Bent skal á að í 21. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) stendur m.a.: <i>Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands. Og á 2. mgr. 24. gr. sömu laga sem hljóðar svo: Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.</i></p> <p>“</p>	Umsögn Minjastofnunar krefst ekki svara af hálfu framkvæmdaraðila.
<b>2</b>	<b>Vegagerðin, dags. 18.4.24</b>	

2.1	<p>„Vegagerðin hefur kynnt sér tilkynninguna og telur, með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar, að nægilega vel sé gerð grein fyrir helstu framkvæmdaþáttum og telur að sú viðbót sem hér sé til umfjöllunar sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif vegna umfangs, eðlis eða staðsetningar skv. 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana.</p> <p>Fyrirhuguð stækkun Hólabrúarnámu er áætluð að hluta til við Hringveg (1-g1). Stofnunin minnir á að veghelgunarsvæði Hringvegjar er 30. m frá miðlínu vegarins, en manir eru fyrirhugaðar þá þarf að skoða hönnun þeirra með tillit til sjónlengda, svo umferðaröryggi skerðist ekki.“</p>	Tekið verður tillit til veghelgunarsvæði Hringvegjar og sjónlengda við hönnun og uppsetningu mana.
<b>3</b>	<b>Heilbrigðiseftirlit Vesturlands, dags. 19.4.24</b>	
3.1	<p>„Heilbrigðiseftirlitið telur að fyrirtækin þurfi betur að gera grein fyrir þeim mótvægisáðgerðum sem fyrirtækin hyggist fara í vegna umferðaröryggismála. Skoða þarf hvort mögulega er unnt að hafa sameiginlega innkeyrslu en að öðru leiti er vísað í bréf eftirlitsins til Skipulagsstofnunar vegna stækkunar Kúludalsár dagsett 21. júní 2023 þar sem eftirfarandi var ritað: „Í ljósi þess að það stefnir í að svæðið ofan við Vesturlandsveg verði nýtt í nokkuð langan tíma er því varpað fram hvort ekki sé nauðsynlegt að breyta veghönnun þannig að ekki sé ekið beint út á þjóðveg 1 úr námum á svæðinu heldur inn á malbikaða aðrein og frárein. Þá er átt öll námasvæðinu. Talvert berst af grjóti og mül inn á þjóðveg 1 frá námum á svæðinu sem skapar hættu og rykmengun þegar þannig viðrar. Ef það er ekki niðurstaðan þarf að skoða möguleika á að settar séu upp dekkjaþvottavélar þannig að bílar fari hreinir inn á veginn og kæmi til álita að fara fram á það í starfsleyfi.“ Einnig mætti skoða ristur sem bílar myndu keyra yfir og grjót þá hreinsast úr dekkjum. Það er tillaga heilbrigðiseftirlits að Fyrirtæki leggi fram tillögur um mótvægisáðgerðir.“</p>	Eins og fram kemur í greinargerð, kafla 3.9 <i>Samgöngur og umferð</i> , þá eru framkvæmdaraðilar með til skoðunar mótvægisáðgerðir til að draga úr hættu við keyrslu inn og út úr námum. Framkvæmdaraðili þakkar ábendingar Heilbrigðiseftirlits Vesturlands (HV) og verður tekið mið af ábendingum stofnunarinnar við frekar ákvarðanir um mótvægisáðgerðir.
3.2	„Í skipulagi þarf að liggja fyrir endanleg hönnun á hljóðmunum þannig að þær virki og einnig hvernig uppgræðslu þeirra skuli	Í greinargerð, kafla 2.6 <i>Frágangsráttun</i> lýsa framkvæmdaraðilar hvernig staðið verði að frágangi svæðisins, m.a. m.t.t. uppgræðslu.



	<p><i>háttað, æskilegt er að fyrir liggi tímasett áætlun um lokun svæða. Þá þarf að gera kröfu um að fyrir liggi í byrjun hvernig svæðum er skilað s.s. hver halli lands skuli vera uppá slyshættu og sömuleiðis uppgræðsla námusvæðisins. Þá þarf að vera tryggt að ekki myndist tjarnir innan svæðisins. Gera þyrfti breytingu á starfsleyfum fyrir efnistöku hjá Heilbrigðiseftirliti Vesturlands þar sem ný hnit efnistökusvæða væri sett inn. Forsenda starfsleyfi er að framkvæmdin sé í samræmi við skipulag.“</i></p>	<p>Við frekari skipulagsvinnu verður nánar fjallað um tímaáætlun, halla lands og uppgræðsluáætlun.</p> <p>Framkvæmdaraðili mun tryggja að ekki myndist tjarnir í námum.</p> <p>Við frekari skipulagsvinnu verður fyrirhugað efnisvinnslusvæði hnitsett.</p>
3.3	<p><i>„Huga þarf að ljósmengun þannig að lýsing sé hófleg og vísi niður. Nauðsynlegt er einnig að fá úttekt á lífríki svæðisins í ljósi þess sem vísað er til í vistgerðarkort náttúrufræðistofnunar um vistgerðir með hátt verndargildi þannig að það liggi á borðinu hvort einhverjar vistgerðir séu enn á svæðinu með hátt verndargildi. Það þyrfti svo að ráðast á grundvelli umsagnar Náttúrufræðistofnunar hvort þessu svæði sé óhætt að raska með tilliti til niðurstaðna úr því.</i></p> <p><i>Heilbrigðiseftirlitið Vesturlands telur ekki endilega víst að framkvæmdin þurfi að vera háð mati á umhverfisáhrifum en treystir sér ekki til að gefa álit um það fyrr en ofangreind gögn liggja fyrir.“</i></p>	<p>Framkvæmdaraðili mun huga að ljósum á framkvæmdarsvæði og draga úr hættu á ljósmengun eins og kostur er.</p> <p>Í kafla 3.3 <i>Vistgerðir</i> er fjallað um vistgerðir innan fyrirhugaðs framkvæmdarsvæðis og m.a. vísað í gögn úr vistgerðakortasjá NÍ. Vistgerðakortasjá NÍ sýnir að á svæðinu sé að finna starungsmýravist en vistgerðina má oft finna á votlendum svæðum.</p> <p>Í greinargerð bendir framkvæmdaraðili á að huga þarf að þeirri óvissu sem fylgir vistgerðakortlagningu NÍ og bendir jafnframt á að sökum þeirrar efnistöku og graftar sem áður hefur farið fram á svæðinu, megi gera ráð fyrir því að grunnvatnsstaða svæðisins hafi breyst og að þau svæði sem áður einkenndust af votlendi og votlendisvistgerðum, séu í dag þurr. Loftmyndir og ljósmyndir af svæðinu ýta undir þennan grun.</p> <p>Mynd 3.2 í greinargerð sýnir vistgerðir innan áhrifasvæðis Kúludalsnámu en kortið sýnir staðsetningu á starungsmýravistar. Sé kortið ítarlega skoðað má sjá að það svæði sem talið er undir vistgerðina er nú þegar raskað að stórum hluta. Það svæði sem ekki er búið að raska með beinum hætt er nálægt fyrra vinnslusvæði og því verður að teljast ólíklegt að þau svæði séu vot í dag.</p> <p>Að því sögðu telur framkvæmdaraðili óverulegar líkur á því að innan svæðisins sé að finna tegundir með hátt verndargildi og því ekki þörf á að unnin sé úttekt á vistgerðum svæðisins.</p>

4	<b>Hvalfjarðarsveit, dags. 22.04.24</b>	
4.1	<p>„Inngangur:  <i>Erindi frá Skipulagsstofnun dags. 22.03.2024. Tilkynning til ákvörðunar um matsskyldu. Steypustöðin-námur áætla stækkun Hólabrúarnámu sem nemur um 250.000 m<sup>3</sup> (um 2 ha) og Borgarverk áætla stækkun Kúludalsnámu sem nemur um 200.000 m<sup>3</sup> (um 4 ha). Námurnar eru staðsettar í Hvalfjarðarsveit, um 8 km frá Akranesi. Auk þess eru umhverfisáhrif þeirrar efnisvinnslu sem áður hefur farið fram í Kúludalsnámu til umfjöllunar í þessari greinargerð. Matskyldufyrirspurn þessi nær því til stækkunar á Hólabrúarnámu upp á 250.000 m<sup>3</sup>, stækkunar Kúludalsá upp á 200.000 m<sup>3</sup> og 49.000 m<sup>3</sup> sem þegar hafa verið unnir úr Kúludalsnámu, alls 499.000 m<sup>3</sup>. Óskað er umsagnar til dagsins 22.04.2024“</i></p>	<p>Framkvæmdaraðilar mun leita samráðs við sveitarfélagið við frekari hönnun og skipulag framkvæmdar, m.a. vegna tilfærslu á reið- og gönguleið, útfærslum á innkeyrslum, óþrifnaði á þjóðveginn og öðrum mótvægisáðgerðum.</p> <p>Framkvæmdaraðili þakkar fyrir ábendingar varðandi deiliskipulag og mun eiga samráð við sveitarfélagið varðandi frekara skipulag.</p>
4.2	<p>„Niðurstaða:  <i>Í matskyldufyrirspurn Eflu, dagsett 21. mars sl. fyrir aukna efnistöku í Hólabrú og Kúludalsárnámu er tekið tillit til athugasemda Hvalfjarðarsveitar sbr. umsögn sveitarfélagsins á fyrri stigum málsins. En þó er vert að nefna að Umhverfis-, skipulags-, náttúruverndar- og landbúnaðarnefnd óskar eftir góðu samstarfi um tilfærslu á reið- og gönguleið sem tekið er fram að muni raskast við stækkunina. Mikilvægt er að fundin sé lausn á nýrri útfærslu á innkeyrslum á efnistökusvæðin og að speglar verði settir upp við innkeyrslu eins fljótt og auðið er. Getið er þess að nú þegar sé efnisvinnslan að valda hljóðmengun og bendir USNL-nefnd á að mótvægisáðgerða vegna hávaða frá framkvæmdasvæðinu sé því þörf bæði fyrir og eftir stækkun svæðisins. Þá vill nefndin benda á að finna þarf leið til að ekki verði óþrif á þjóðvegi 1 vegna aksturs bíla frá námusvæðinu. Framkvæmdaraðilar koma til með að sækja um breytingu á núgildandi aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2020-2032, þar sem tekið verður mið af stækkunum, ósamræmi í stærð efnistökusvæðis og fyrri efnistöku og heiti efnistökusvæðis. USNL-nefnd telur að framkvæmdin uppfylli kröfur um umhverfismat en</i></p>	

	<i>áréttar að þörf sé á deiliskipulagi fyrir svæðið þar sem ekki er gerð ítarleg grein fyrir efnistökkunni í aðalskipulagi.“</i>	
<b>5</b>	<b>Náttúrufræðistofnun Íslands, dags. 22.04.24</b>	
5.1	<i>„Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér greinargerð um framkvæmdina og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri. Mikið rask er á námusvæðinu og ásýndaráhrifin eru mikil. Náttúrufræðistofnun telur að aukin efnistaka muni ekki hafa mikil umfram áhrif þess sem nú þegar er orðið. Ekki kemur fram í greinargerð hversu þykkar setmyndanir eru innan námusvæðisins eða hvort hægt sé að nýta betur efni sem þar er. Stofnunin telur að efnistakan eigi að takmarkast á milli þjóðvegur í suðri og gamla þjóðvegur í norðri. Efnistaka ofan við gamla veg mun liggja hærra í landinu og verða mun sýnilegri. Auk þess skapast þar hætta á hruni úr fjallshlíðinni fyrir ofan. Reiturinn fyrir ofan veg er um 1,6 ha og mælist Náttúrufræðistofnun til þess að honum sé sleppt. Inn svæðisins eru blettir af starungsmýravist og gulstaraflóavist sem eru vistgerðir með hátt verndargildi. Blettirnir ná ekki lágmarksstærð til að falla undir sérstaka vernd náttúruverndarlaga og umhverfisaðstæður eru þannig að erfitt verður að vernda þessa bletti.“</i>	<p>Áætluð þykkt setmyndunar er um 6-8 metrar af því efni sem unnið er á svæðinu. Framkvæmdaraðili áformar að nýta efni innan núverandi efnistökusvæða eins vel og kostur er áður en farið verður að vinna úr nýjum reitum. Eins og fram kemur í greinargerð, þá er áætlað að eftirstandandi efnistökmagn úr Hólabrú sé nú um 200.000 - 250.000 m<sup>3</sup>. Aukin efnistaka í Kúludalsnámu miðar að því að nýta núverandi raskað svæði betur og er magnaukningin að öllu leyti innan þjóðvegur í suðri og gamla þjóðvegur í norðri.</p> <p>Framkvæmdaraðili þakkar fyrir ábendingar Náttúrufræðistofnunar Íslands um aukna hætta á hruni, aukna ásýnd og mögulegum votlendisvistgerðum ofan við gamla veg.</p> <p>Hólabrúarnáma er staðsett í malarhjalla sem liggur frá rótum Akrafjalls og áleiðis til sjávar og nær náman alveg fram að suðvestur brún þessa malarhjalla. Nú er nánast búið að fullvinna það vinnanlega efni sem finnst innan marka námunnar og ekki er hægt að fara lengra til suðvesturs þar sem það svæði er utan malarhjallans og er að miklu leyti leir og mold. Því er eini fýsilegi kosturinn að fara ofar í hjallann til að sækja meira efni.</p>
5.2	<i>„Út frá ofangreindu telur Náttúrufræðistofnun að stækkun námusvæðis við Hólabrú og Kúludalsá þurfi ekki í mat á umhverfisáhrifum, en mælist til þess að ekki verði farið í efnistöku norður fyrir gamla þjóðveginn.“</i>	